

7 sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði heimtað af kaupmanni P. Tærgesen, sumpart sem 3. febr. spítalagjald og sumpart sem aðflutningsgjald, og nú er jeg hefi meðtekið álitsskjal sýslumannsins með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 30. júní þ. á., vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg eptir öllum málavöxtum ekki fæ sjeð, að heimild hafi verið til að heimta nefnd gjöld af hlutaðeiganda. Að því er snertir spítalagjaldið, hefir stjórnarráðið áður í brjefi til yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 4. maí þ. á., látið þá skoðun sína í ljósi, að þetta gjald verði ekki heimtað þegar svo stendur á, að aflinn ekki hefir verið lagður á land, og að því er aðflutningsgjaldið snertir, álit jeg, að gjaldskyldan sje að sjálfsögðu bundin því skilyrði, er sjálf hugmyndin um aðflutningsgjald hefir í sjer fölgna, að hlutaðeigandi vörur sjeu *fluttar inn í landið*, enda er ljóslega gjört ráð fyrir þessu í tilskipun 26 febrúar 1872, 1. gr., að því er kemur til hins íslenzka brennivínsgjalds, sbr. orðin: „*sem flytjast til Íslands*“, eins og líka tilskipunin hvervetna mælir svo fyrir, að gjaldið skuli greitt áður en vörurnar eru fluttar í land, en að þetta skilyrði hafi átt sjer stað í tilfelli því, er hjer um ræðir, verður ekki sjeð, og skal jeg í því efni láta þess getið, að þó að skip liggi í landhelgi, má ekki skoða það sem á landi væri.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar, skal jeg bæta því við, að jeg hef sent Tærgesen kaupmanni ávísun þá að upphæð 177 kr. 63 a., er hann hafði gefið út til borgunar á áminnstu spítalagjaldi, og sem þjer höfðu sent hingað með brjefi dagsettu 27. febrúar f. á., sem og gjört ráðstöfun til, að honum verði endurgoldið úr aðalfjehirzlunni fyrir hönd jarðarbókersjóðsins þær 18 kr. 60 aur., er hann hafði greitt sýslumanninum í Suður-Múlasýslu í aðflutningsgjald.

Þetta vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Suður-Múlasýslu.

8 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um málssöku og tálmanir af hálfu 7. febr. hins opinbera gegn boðendum mormónatrúar. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig:

Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent mjer með þóknanlegu brjefi 2. október þ. á. erindi frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann vekur máls á, að Eiríkur bóndi Ólafsson sje lögsóktur til hegningar samkvæmt 157. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa gjört gys að trúarlærdómum þjóðkirkjunnar í riti nokkru um mormónatrúna, er hann hefir gefið út á þessu ári í Kaupmannahöfn, og fylgdi eitt exemplar af riti þessu með brjefi yðar. Hafið þjer beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort hið opinbera eigi að skerast í þetta mál, meðan hlutaðeigandi dvelur á Íslandi, og jafnframt um það, hvort yfir höfuð að tala eigi að leggja tálmanir fyrir boðendur mormónatrúarinnar af hálfu hins verulega valds, meðan þeir framkvæma ekki á Íslandi kenningar sínar um fleirkvæni, og heldur ekki á annan hátt brjóta á móti hinum borgaralegu lögum landsins.

Um þetta efni vil jeg tjá yður, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að stjórnarráðinu ekki virðist ástæða vera til að skipa lögsókn gegn höfundu nefnds rits út af efni þess, er ekki, að því stjórnarráðið fær sjeð, hefir þá stefnu að gjöra gys að trúarlærdómum kirkjunnar, og að síðari hluta fyrirspurnar yðar einnig ber að svara neitandi.

Þetta tilkynni jeg yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar.